

KFÓ Útgerð ehf.
Kt. 5904052800
Heimilisfang: [...]

Akureyri, 31.1.2025
Tilv.2024-06-20-0842

Efni: Svipting strandveiðileyfis. Skráning og skil aflaupplýsinga. Birta BA-72 (2689)

I. Málsvik

Fiskistofa hefur lokið meðferð máls er varðar ætluð brot skipstjóra fiskiskipsins Birta BA-72, skipaskrárnúmer 2689, í 22 veiðiferðum árið 2024, gegn lögum um stjórn fiskveiða nr. 116/2006, lögum um umgengni um nytjastofna sjávar nr. 57/1996 og gegn reglugerð um skráningu og skil aflaupplýsinga nr. 307/2023. Lögskráður skipstjóri í veiðiferðunum sem málið varðar var [A].

Fiskiskipið Birta BA-72 (2689) fékk strandveiðileyfi 22.5.2024.

Samkvæmt upplýsingum Fiskistofu sendi skipstjóri skipsins Birta BA-72 (2689) ekki aflaupplýsingar stafrænt til Fiskistofu áður en skipinu var lagt að bryggju í löndunarhöfn að loknum 18 strandveiðiferðum á eftirfarandi dögum:

28.5.2024	18.6.2024	1.7.2024
29.5.2024	19.6.2024	2.7.2024
4.6.2024	20.6.2024	8.7.2024
11.6.2024	24.6.2024	9.7.2024
12.6.2024	26.6.2024	15.7.2024
13.6.2024	27.6.2024	16.7.2024

Þann 12.7.2024 bárust Fiskistofu stafrænar aflaupplýsingar fyrir eftirtaldar strandveiðiferðir: 11.6.2024, 12.6.2024, 12.6.2024, 18.6.2024, 19.6.2024, 20.6.2024, 24.6.2024, 26.6.2024 og 27.6.2024.

Við lok strandveiða þann 17. júlí 2024 féll strandveiðileyfi skipsins niður og var skipinu þá heimilt að halda til veiða á grundvelli almenns veiðileyfis skipsins.

Samkvæmt upplýsingum Fiskistofu sendi skipstjóri skipsins Birta BA-72 (2689) ekki aflaupplýsingar stafrænt til Fiskistofu áður en skipið var lagt að bryggju í löndunarhöfn að loknum fjórum veiðiferðum dagana: 24.7.2024 og 31.7.2024, 24.9.2024 og 16.10.2024.

Af þeim sökum er skipstjóri skipsins Birta BA-72 (2689) grunaður um að hafa brotið gegn lögum um stjórn fiskveiða, lögum um umgengni um nytjastofna sjávar og reglugerð um skráningu og skil aflaupplýsinga í framangreindum 22 veiðiferðum skipsins.

Fiskistofa hefur áður leiðbeint útgerð skipsins, KFÓ Útgerð ehf., um lög og reglur sem gilda um skil aflaupplýsinga með bréfi, dags. 28.5.2024 (mál nr. 2024-05-28-0664), vegna veiðiferða 22.5.2024, 23.5.2024 og 27.5.2024. Samskonar leiðbeiningar voru sendar útgerð skipsins, KFÓ Útgerð ehf. með bréfi, dags. 21. júní 2022 (mál nr. 2022-06-21-1803), vegna veiðiferða 11. og 13. maí, 1., 2., 7., 8. og 9. júní 2022. Lögskráður skipstjóri í framangreindum veiðiferðum var [A].

II. Lagagrundvöllur

Í 2. másl. 6. tölul. 6. mgr. 6. gr. a laga nr. 116/2006 kemur eftirfarandi fram: „Um vigtun, skráningu og meðferð afla fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum laga nr. 57/1996, um umgengni nytjastofna sjávar, og ákvæðum gildandi reglugerðar þar um.“

Skipstjórnarmenn skulu senda aflaupplýsingar stafrænt til Fiskistofu áður en veiðiferð lýkur, skv. 4. mgr. 9. gr. laga nr. 57/1996, sbr. 2. mgr. 1. gr. reglugerðar um stafræna skráningu og skil aflaupplýsinga nr. 307/2023. Skipstjóri skal senda upplýsingar skv. 3. gr. reglugerðarinnar til vefþjónustu Fiskistofu áður en skipi er lagt að bryggju í löndunarhöfn að lokinni veiðiferð, skv. 4. gr. reglugerðarinnar. Skipstjóri ber m.a. ábyrgð á að sá búnaður sem notaður er við skráningu og skil aflaupplýsinga geti tengst vefþjónustu Fiskistofu og skal gæta þess að búnaðurinn sé í lagi áður en haldið er í veiðiferð, skv. 3. og 4. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar.

Brot gegn lögum nr. 116/2006, lögum nr. 57/1996 og reglugerð nr. 307/2023, geta varðað stjórnarsýsluviðurlögum, þ.e. sviptingu leyfis til veiða í atvinnuskyni, eða eftir atvikum leyfi til strandveiða, skv. 1. og 2. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1996 eða skriflegri áminningu, skv. 3. mgr. 15. gr. sömu laga, sbr. 24. gr. laga nr. 116/2006. Þá geta brot jafnframt varðað refsingum, sektum eða fangelsi, skv. 25. gr. laga nr. 116/2006 og 23. gr. laga nr. 57/1996, sbr. 7. gr. reglugerðarinnar nr. 307/2023.

III. Athugasemdir málsaðila

Með bréfi Fiskistofu, dags. 18.10.2024, var málsaðila tilkynnt um að málið hafi verið tekið til meðferðar, og að til greina kæmi að beita viðurlögum yrði niðurstaðan sú að um brot hafi verið að ræða. Fiskistofa veitti frest til að koma athugasemdum og sjónarmiðum á framfæri til 4.11.2024. Sjónarmið málsaðila bárust með tölvupósti 24.10.2024. Þar er tilgreint að vegna bilunar bæði í tölvu og vegna bruna á netbeini (e. router) tókst skipstjóra skipsins ekki að senda aflaupplýsingar á tilsettum tíma. Málsaðili upplýsti að vanskil aflaupplýsinga ætti ekki að koma fyrir aftur þar sem málsaðili kveðst hafa endurnýjað netbeini og kapla og til standi að fá nýjustu uppfærslu á hugbúnaði (trackwell) til skila á aflaupplýsingum til Fiskistofu. Fiskistofa sendi tölvupóst til málsaðila 7.11.2024 til að gera betri grein fyrir lagagrundvelli málsins og veitti frest til 17.11.2024 til að koma sjónarmiðum á framfæri ef þörf krefði. Engin frekari sjónarmið bárust.

I. Niðurstaða og rökstuðningur

Fyrir liggur að í eftirfarandi 18 strandveiðiferðum skipsins Birta BA-72 (2689) á strandveiðivertíðinni 2024 sendi skipstjóri skipsins ekki aflaupplýsingar til vefþjónustu Fiskistofu áður en skipinu var lagt að bryggju í löndunarhöfn að loknum veiðiferðum þess daganna:

28.5.2024	18.6.2024	1.7.2024
29.5.2024	19.6.2024	2.7.2024
4.6.2024	20.6.2024	8.7.2024
11.6.2024	24.6.2024	9.7.2024
12.6.2024	26.6.2024	15.7.2024
13.6.2024	27.6.2024	16.7.2024

Þann 12.7.2024 var rafrænum aflaupplýsingum skilað fyrir eftirtaldar strandveiðiferðir: 11.6.2024, 12.6.2024, 12.6.2024, 18.6.2024, 19.6.2024, 20.6.2024, 24.6.2024, 26.6.2024 og 27.6.2024. Tímamark skila á aflaupplýsingum til vefþjónustu Fiskistofu er áður en skipi er lagt að bryggju í löndunarhöfn að lokinni veiðiferð. Af þeim sökum getur skráning og skil aflaupplýsinga eftir það tímamark ekki talist fullnægjandi.

Einnig liggur fyrir að skipstjóri skipsins sendi ekki aflaupplýsingar til vefþjónustu Fiskistofu áður en skipinu var lagt að bryggju í löndunarhöfn að loknum fjórum veiðiferðum skipsins dagana: 24.7.2024, 31.7.2024, 24.9.2024 og 16.10.2024.

Í ábyrgð skipstjóra fellst m.a. að gæta að því að sá búnaður sem notaður er við skráningu og skil aflaupplýsinga sé í lagi og geti tengst vefþjónustu Fiskistofu áður en haldið er í veiðiferð, sbr. 3. og 4. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 307/2023. Því er ekki hægt að taka til greina sjónarmið málsaðila um að búnaður til skráningar og skila á aflaupplýsingum hafi verið í ólagi. Í 5. gr. reglugerðarinnar er tilgreint hvernig skipstjóri skuli bregðast við ef upp kemur bilun í hugbúnaði eða vefþjónustu. Honum ber að tilkynna um bilunina til Fiskistofu eins fljótt og hægt er. Fiskistofu barst hvorki tilkynning um bilun í hugbúnaði eða vefþjónustu. Jafnframt bar skipstjóra, hafi komið upp bilun, að gæta að því að búnaður væri komin í lag fyrir næstu veiðiferð.

Með því að skrá ekki og skila ekki aflaupplýsingum til vefþjónustu Fiskistofu áður en skipinu var lagt að bryggju í löndunarhöfn að loknum veiðiferðum fiskiskipsins Birtu BA-72 (2689) daganna: 28.5.2024, 29.5.2024, 4.6.2024, 11.6.2024, 12.6.2024, 13.6.2024, 18.6.2024, 19.6.2024, 20.6.2024, 24.6.2024, 26.6.2024, 27.6.2024, 1.7.2024, 2.7.2024, 8.7.2024, 9.7.2024, 15.7.2024, 16.7.2024, 24.7.2024, 31.7.2024, 24.9.2024 og 16.10.2024, braut skipstjóri skipsins gegn **4. mgr. 9. gr. laga nr. 57/1996, 2. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 307/2023, 3. og 4. gr. reglugerðar nr. 307/2023, sbr. 2. másl. 6. tölul. 6. mgr. 6. gr. a laga nr. 116/2006.**

Fiskistofa skal veita útgerð áminningu, svipta skip leyfi til veiða í atvinnuskyni, eða eftir atvikum leyfi til strandveiða, fyrir brot á lögum nr. 116/2006 og lögum nr. 57/1996 eða reglum settum á grundvelli þeirra laga, sbr. 24. gr. laga nr. 116/2006 og 15. gr. laga nr. 57/1996, sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 307/2023. Ef veiðitímabili er lokið áður en ákvörðun Fiskistofu um sviptingu veiðileyfis tekur gildi, eða gildistíma sviptingar lýkur, skal leyfissvipting samkvæmt ákvörðuninni gilda við útgáfu næsta veiðileyfis, skv. 2. másl. 24 gr. laga nr. 116/2006. Við fyrsta minniháttar brot skal Fiskistofa veita hlutaðeigandi útgerð skriflega áminningu, skv. 3. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1996, sbr. 24. gr. laga nr. 57/1996. Við mat á því hvort um minniháttar brot er að ræða er m.a. litið til þess ætla megi að brot hafi í för með sér umtalsverðan ávinning fyrir hlutaðeigandi útgerð og/eða tengda aðila, hversu mikilvægum hagsmunum brotið og hvort það hefur verið framið af ásetningu eða gáleysi.

Í máli þessu er litið til fjölda veiðiferða þar sem aflaupplýsingar voru ekki skráðar og ekki skilað í vefþjónustu Fiskistofu áður en skipinu var lagt að bryggju í löndunarhöfn að loknum veiðiferðum þess. Aflaupplýsingum er m.a. ætlað að nýtast í vísindalegum tilgangi og til eftirlits. Jafnframt eru þær mikilvægar fyrir vottun á útflutning íslenskra sjávarafurða þar sem fram á að koma skráning á meðafla, s.s. sjávarspendýra og fugla. Brotið ógnar því framangreindum hagsmunum. Við mat á því hvort um gáleysisbrot eða ásetningsbrot hafi verið að ræða, er litið til þess að skipstjóri skipsins ber ábyrgð á því að skráning og skil aflaupplýsinga sé með réttum hætti, að búnaður til þess sé í lagi og tilkynna til Fiskistofu ef upp kemur bilun í búnaði. Þá er ávinningur málsaðila af brotinu talin óverulegur.

Að teknu tilliti til eðlis og umfang brotanna teljast þau ekki minniháttar og kemur því ekki til álita að áminna málsaðila vegna þeirra. Með hliðsjón af því að skráningu og skil aflaupplýsinga skipsins var ábótavant í 18 strandveiðiferðum og 4 veiðiferðum skipsins á grundvelli almenns veiðileyfis telur Fiskistofa rétt að beina viðurlögum að leyfi skipsins til strandveiða. Í 2. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1996, sbr. 24. gr. laga nr. 116/2006, segir að við fyrsta brot sem varðar sviptingu veiðileyfis skal leyfissvipting ekki standa skemur en eina viku og ekki lengur en tólf vikur eftir eðli og umfangi brots. Við ítrekuð brot skal svipting ekki standa skemur en fjórar vikur og ekki lengur en eitt ár. Að teknu tilliti til framangreinds og með hliðsjón af meðalhófsreglu stjórnsluréttarins þykja hæfileg viðurlög vera svipting leyfis til strandveiða í eina viku. Engin fyrri brot hafa ítrekunaráhrif við ákvörðun viðurlaga í máli þessu.

Fiskistofa sviptir hér með fiskiskipið Birta BA-72 (2689) leyfi til strandveiða í atvinnuskyni í eina viku (7 daga) frá og með útgáfu næsta strandveiðileyfis, skv. 1. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1996 og 24. gr. laga nr. 116/2006, vegna brota gegn 4. mgr. 9. gr. laga nr. 57/1996, 2. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 307/2023, 3. og 4. gr. reglugerðar nr. 307/2023, sbr. 2. málsl. 6. tölul. 6. mgr. 6. gr. a laga nr. 116/2006.

Ákvörðunin hefur ítrekunaráhrif í tvö ár frá og með dagsetningu hennar skv. 19. gr. laga nr. 57/1996.

Kæruheimild

Ákvörðun þessi er kæránleg til matvælaráðuneytisins, Borgartúni 26,4. hæð, 105 Reykjavík, innan eins mánaðar frá því að málsaðila var tilkynnt um ákvörðunina, sbr. 24. gr. laga nr. 116/2006 og 18. gr. laga nr. 57/1996. Kæru skal beint til ráðuneytisins t.a.m. með tölvupósti á netfangið mar@mar.is. Kæra frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunarinnar.

